

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er kr. 1 286,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Mosfellsbæjar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. desember 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 18, 22. janúar 1991.

Íðnaðarráðuneytið, 27. nóvember 1991.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Á upphæðir tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar eins og þær eru í nóvembermánuði 1991 samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar skal greiða sérstakan 20% tekjutryggingarauka í desember 1991.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. nóvember 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.